

Kaupfélag Skagfirðinga  
Ártorgi 1  
550 Sauðárkróki

vt. Sigurjón Rafnsson og  
Þórólfur Gíslason

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 4. mars 2025  
Tilv.: 2411009

### Efni: Vegna fréttaumfjöllunar um uppsagnir á starfsmönnum sláturhúss SAH Afurða

- Í gær, þriðjudaginn 3. mars 2025, var greint frá því í fjölmiðlum að 23 starfsmönnum sláturhúss SAH Afurða hafi verið sagt upp síðastliðinn föstudag, en starfsemin er í eigu Kjarnafæðis Norðlenska hf. sem er alfarið í eigu Kaupfélags Skagfirðinga.
- Af þessu tilefni vill Samkeppniseftirlitið minna á bréf eftirlitsins til Kaupfélags Skagfirðinga (og sambærilegt bréf til Kjarnafæðis Norðlenska), dags. 19. nóvember 2024, en bréfið var ritað í tilefni af dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4202/2024. Í bréfinu var dómurinn rakinn og vakin athygli á gildandi ákvæðum samkeppnislaga, í ljósi þeirrar niðurstöðu dómsins að undanþáguákvæði í lögum nr. 30/2024, um breytingu á búvörulögum, hefðu aldrei öðlast lagagildi.
- Í bréfinu var vakin athygli á að í 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er lagt bann við öllum samningum og samþykktum milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltum aðgerðum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún takmörkuð eða henni raskað. Í 12. gr. samkeppnislaga er bann lagt við því að samtök fyrirtækja ákveði samkeppnishömlur eða hvetji til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. sömu laga teljast samningar sem brjóta í bága við bann 10. eða 12. gr. ógildir.
- Jafnframt var vakin athygli á því að samkvæmt 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga skal tilkynna Samkeppniseftirlitinu um alla samruna sem uppfylla veltumörk laganna áður en þeir koma til framkvæmda og veita allar nauðsynlegar upplýsingar um slík viðskipti með samrunatilkynningu. Jafnframt er lagt bann við því að samruni komi til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjalli um hann, sbr. sama ákvæði.
- Síðan sagði í bréfinu:

„Með vísan til dóms héraðsdóms og ákvæða samkeppnislaga sem hér eru rakin, er því hér með beint til fyrirtækisins að stöðva þegar í stað hvers konar aðgerðir eða háttsemi sem farið getur gegn 10. gr., 12. gr. eða 17. gr. a. samkeppnislaga og stofnast hefur til á grundvelli ákvæða í lögum nr. 30/2024.“
- Kaupfélag Skagfirðinga svaraði fyrrgreindu bréfi eftirlitsins með bréfi, dags. 24. nóvember 2024, þar sem m.a. voru veittar tiltekna upplýsingar sem óskað hafði verið eftir. Í bréfinu kom



jafnframt fram að stutt hafi verið liðið frá kaupum KS á Kjarnafæði Norðlenska, og hverfandi breytingar hefðu verið gerðar á rekstrinum. Þannig hafi t.a.m. ekki verið haldinn nema einn bókaður stjórnarfundir þar sem fulltrúar KS hafa verið viðstaddir.

7. Þá tjáði KS að þeim tilmælum hefði verið beint að yfirmönnum á þeim starfsstöðum sem málið varðaði að þeir færu að tilmælum Samkeppniseftirlitsins og litlu á félögin [KS og KN] sem óskylda aðila. Þá upplýsti KS einnig að félagið hefði, vegna dómsins og þeirrar óvissu sem uppi væri þar til fyrir lægi niðurstaða á æðra dómstigi, fært til sölumenn til að gæta að aðskilnaði. Þá myndu starfsmenn KS ekki sinna stjórnarstörfum í Kjarnafæði Norðlenska að svo stöddu. Þá sæi KS ekki ástæðu til annars en að fella sig við tilmæli Samkeppniseftirlitsins um að grípa ekki til ráðstafana á grundvelli laga nr. 30/2024 þrátt fyrir að félagið væri efnislega ósammála dóminum, enda yrði þá ekki gripið til aðgerða gagnvart KS á grundvelli dómsins fyrr en í fyrsta lagi að fenginni niðurstöðu á æðra dómstigi.
8. Með hliðsjón af öllu framangreindu og með vísan til áður nefndra fréttu af uppsögnum í sláturhúsi SAH afurða áréttar Samkeppniseftirlitið að til skoðunar getur komið hvort kaup KS á Kjarnafæði Norðlenska hafi samræmst gildandi lögum, í ljósi dóms Héraðsdóms Reykjavíkur. Af sömu ástæðum getur á síðari stigum komið til athugunar hvort ráðstafanir í rekstri félaganna, s.s. uppsagnir starfsmanna, feli í sér brot á samkeppnislögum eða ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins.<sup>1</sup>
9. Eins og kunnugt er hefur Hæstiréttur Íslands orðið við beiðni Samkeppniseftirlitsins um áfrýjunarleyfi og hefur eftirlitið áfrýjað dómi héraðsdóms til réttarins. Ákvörðun um frekari athuganir vegna framangreinds ráðast m.a. af niðurstöðu Hæstaréttar.
10. Rétt þykir að vekja athygli fyrirtækisins á framangreindu. Jafnframt er vakin á því athygli að stjórnvaldssektir liggja við brotum fyrirtækja á samkeppnislögum og ákvörðunum eftirlitsins, sbr. 37. gr. laganna. Þá getur háttsemi stjórnenda og starfsmanna varðað þá refsingu, sbr. 41. gr. a og b laganna.
11. Bréf sambærilegt bréfi þessu var sent Ágústi Torfa Haukssyni fyrir hönd Kjarnafæðis Norðlenska.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

---

<sup>1</sup> Rétt er í þessu sambandi að benda á að síðasta haust var í fjölmiðlum greint frá því að í kjölfar samruna KS og Kjarnafæðis Norðlenska stæði til að hætta sauðfjárslátrun á Blönduósi. Sjá um þetta m.a. frétt á vef RÚV þann 14. nóvember 2024 (slóð: [KS vill hætta slátrun á Hvammstanga - RÚV.is](#))